

Greinargerð sóknaraðila, Anti-Defamation League í Landsréttarmálinu nr. 812/2023:

Anti-Defamation League

gegn

1984 ehf.

1. Ég flyt mál þetta fyrir hönd sóknaraðila, Anti-Defamation League, sem gerir kröfu um að hinum kærða úrskurði verið hrundið og honum breytt þannig:

Að felld verði úr gildi ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 3. maí 2023, um að synja beiðni sóknaraðila frá 26. apríl 2023 um lögbann á hendur varnaraðila samkvæmt lögbannsbeiðni nr. 2023-260291, og að lagt verði fyrir sýslumann að leggja lögbann við hýsingu varnaraðila á vefsíðunni <https://mapliberation.org>, hvort sem www. er fyrir framan nafn vefsíðunnar eða ekki, sem og gögnum, efni og upplýsingum sem birtar eru á vefsíðunni.

Jafnframt að lagt verði fyrir sýslumann að leggja lögbann við því að varnaraðili veiti aðgang að vefsíðunni <https://mapliberation.org>, hvort sem www. er fyrir framan nafn vefsíðunnar eða ekki, og dreifi gögnum, efni og upplýsingum sem á henni eru birtar.

Að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati réttarins vegna reksturs málsins í héraði, auk kærúmálskostnaðar vegna reksturs þess fyrir Landsrétti.

Málsástæður og helstu atvik:

2. Um atvik máls vísast einkum til héraðsgreinargerðar, sjá bls. 51-64 í málgögnum, og þeirrar lögbannsbeiðnar sem hún byggði á, sjá bls. 367-379 í málsgr. Þá er um helstu atvik sem og helstu ástæður þess að úrskurður héraðsdóms var kærður til Landsréttar jafnframt vísað til umfjöllunar í kæru, sjá bls. 37-47 í málsgr.

Sakarefni málsins og ágreiningur aðila:

3. Við úrlausn þessa máls reynir á hvort skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., sé fullnægt fyrir því að leggja á það lögbann sem sóknaraðili hefur krafist.
4. Við það mat reynir m.a. á hvar mörk þess tjáningarfrelsis, sem verndað er skv. 73. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, með síðari breytingum, og 10. gr. mannréttindasáttmála

Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, liggja, s.s. gagnvart þeirri friðhelgi sem vernduð er skv. 71. gr. stjórnarskrár.

5. Í því sambandi reynir á túlkun á því hvort efni vefsíðunnar <https://mapliberation.org>, framsetning þess efnis, tilgangur og markmið, njóti verndar framangreindra tjáningarfrelsisákvæða eða ekki. Sóknaraðili telur svo ekki vera. Efni vefsíðunnar og framsetning efnis á henni, þ. á m. með gagnvirku korti, beri öll merki hatursorðræðu sem sé sett fram af illum ásetningi, eins og rakið verður nánar hér að neðan.
6. Eins og fram kemur í forsendum hins kærða úrskurðar er óumdeilt að uppfyllt er það skilyrði lögbanns samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 að um byrjaða eða yfirvofandi athöfn sé að ræða, enda liggur fyrir að varnaraðili hýsir þá vefsíðu sem um ræðir, sjá bls. 15 í málg.

Skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 er fullnægt:

7. Sóknaraðili byggir á því að niðurstaða hins kærða úrskurðar á bls. 1-19 í málg. Sé röng og að þær forsendur sem niðurstaða héraðsdóms byggir á standist ekki.
8. Byggir sóknaraðili á því að hann hafi við meðferð málsins í héraði og hjá sýslumanni sannað, a.m.k. gert nægilega sennilegt, að skilyrðum 1. mgr. 24. Gr. laga nr. 31/1990 teljist fullnægt svo fallast hefði mátt á kröfur hans á fyrri stigum málsins.
9. Neðangreind umfjöllun um málsástæður sóknaraðila og athugasemdir við forsendur hins kærða úrskurðar staðfesti það enn frekar. Kemur sú umfjöllun til viðbótar þeim sem liggja fyrir í áður nefndum skjölum.

Vefsíðan: Efni hennar, tilgangur og virkni:

10. Tilgangurinn með kröfugerð sóknaraðila er einkum sá að fá lögbann lagt á hýsingu vefsíðunnar <https://mapliberation.org> og þess efnis og upplýsinga sem á henni eru birtar og gerðar þar aðgengilegar. Vefsíðan er lögð fram í málinu í heild sinni, sjá Landsréttarskjöl merkt B og C.
11. Vefsíðan var fyrst sett í loftið 2. júní 2022, á hvíldardegi gyðinga, Shabbat.
12. Á henni er að finna gagnvirkt kort af Boston í Massachusettsfylki í Bandaríkjunum og nágrenni borgarinnar. Þetta gagnvirka kort ber heitið „*The Mapping Project*“, sem þýtt hefur verið sem „*Kortlagningaráætlunin*“, sjá bls. 455 í málg.
13. Með kortinu eru einstaklingar, ásamt fyrirtækjum og stofnunum, sem þeir ýmist reka, vinna hjá, staðir sem þeir sækja eða tengjast með öðrum hætti, tengdir saman með

punktum og línunum, ásamt því sem nöfn og heimilisföng eru birt, án samþykkis þeirra sem í hlut eiga.

14. Þess utan er á vefsíðunni að finna mikið magn upplýsinga sem bera með sér mikla andúð aðstandenda síðunnar í garð gyðinga, ekki síst sóknaraðila.
15. Á henni er með skýrum hætti hvatt til þess að gripið verði til aðgerða gegn þeim einstaklingum, fyrirtækjum, samtökum og stofnunum sem þar er getið, þeir upprættir (e. *dismantled*) og þeim eða starfsemi þeirra sundrað eða hún trufluð (e. *disturbed*).
16. Lesendum vefsíðunnar er síðan eftirlátið að ákveða sjálfir hvaða aðferðum skuli beitt í framangreindu skyni, en aðstandendur hennar segjast vonast til að hið gagnvirka kort nýtist í þeim aðgerðum. Þannig segir á vefsíðunni (í þýðingu löggilts skjalapýðanda), sjá bls. 456 í málg.:

„Við höfum sýnt raunveruleg heimilisföng, nöfn fulltrúa og forystumanna, og kortlögð tengsl. Þessi félög eru raunverulega til og unnt er að raska þeim. Við vonum að fólk nýti sér kort okkar til þess að sjá hvernig sé unnt að bregðast [sic] við með áhrifaríkum hætti.“ (Skáletrun og undirstrikun er undirritaðs).

17. Ekkert liggur fyrir um hverjir standa að baki vefsíðunni. Upplýsingar um það fást ekki upp gefnar. Hefur varnaraðili hvorki fengist til að upplýsa sóknaraðila né dómstóla um það, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, sjá t.d. bls. 63, 377 og 479 í málg. Þess í stað hefur varnaraðili með málatilbúnaði sínum tekið að sér að réttlæta efni og tilgang vefsíðunnar fyrir hönd viðskiptavinar síns sem hann neitar að upplýsa hver er. Hafa varnir varnaraðila verið í efnislegu samræmi við efni vefsíðunnar, líkt og þær varnir séu settar fram af hálfu þeirra sem standa raunverulega að vefsíðunni.
18. Varnaraðili er hins vegar íslenskt vefhýsingarfyrirtæki sem hýsir vefsíðunna og það efni sem sem á henni birtist gegn vægu gjaldi. Varnaraðili virðist ekki vera með fasta starfsstöð, heldur pósthólf, og þrjá starfsmenn á launaskrá. Kröftugar efnisvarnir þess gegn kröfu sóknaraðila vekja sérstaka athygli í því ljósi og ekki síður þar sem varnaraðili hefur með vísan til þjónustuskilmála sinna, sjá bls. 535-539 í málg., og ákvæða laga nr. 30/2002 alfarið afsalað sér allri ábyrgð á efni þeirra vefsíðna sem hann hýsir.
19. Ber málatilbúnaður varnaraðila m.ö.o. með sér að hann sé leppur hinna nafnlausu aðstandenda síðunnar en skáki í skjóli eigin ábyrgðarleysis á efni vefsíðunnar.
20. Þeir einstaklingar og lögaðilar sem vefsíðan og efni hennar beinist gegn, og hið gagnvirka kort tengir saman, eiga það sameiginlegt að tilheyra eða tengjast samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni.

21. Sóknaraðili er hluti af því samfélagi, enda virt mannréttindasamtök gyðinga í Bandaríkjunum, stofnuð árið 1913. Stjórn samtakanna er skipuð einstaklingum m.a. úr bandarísku viðskiptalífi og háskólasamfélaginu þar í landi. Sérstakur ráðgjafi samtakanna á sviði alþjóðamála (e. *Special Advisor for Global Affairs*) er Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, sjá bls. 516 í málg. Það eitt og sér staðfestir að samtökin aðhyllast ekki öfgastefnur í neinum skilningi, heldur berjast þau fyrir mannréttindum gyðinga og annarra jaðarsettra hópa.
22. Sóknaraðili telur augljóst að sú orðræða sem birtist á vefsíðunni, bæði um hann sjálfan og aðra sem tengjast samfélagi gyðinga á svæðinu, sé hatursorðræða í almennri merkingu og í skilningi laga og alþjóðasamninga, sem sé drifin áfram af kynþátta- og gyðingahatri eða -andúð (e. *antisemitism*) vegna kynþáttar þeirra sem hún beinist að, trúarskoðunum og uppruna.
23. Vefsíðan er ekki fræðslusíða eða gagnasafn um málefni og sögu gyðinga, eins og varnaraðili heldur fram, og heldur ekki framlag til þjóðmálaumræðu í hefðbundnum skilningi. Tilgangur hennar sé þvert á móti sá að jaðarsetja skilgreindan hóp fólks og hvetja beint og óbeint til aðgerða gegn því, þ.m.t. ofbeldis og annarrar ólögmætrar háttsemi, á grundvelli trúarskoðana, kynþáttar og uppruna, þ. á m. gegn sóknaraðila.
24. Um þetta ætti ekki að þurfa að deila því þessi tilgangur kemur beinum orðum fram á vefsíðunni sjálfri.
25. Í tilviki sóknaraðila birtist þessi orðræða í gildishlaðinni, rangri og ósanngjarnri, og raunar ógeðfeldri, umfjöllun um starfsemi hans þar sem því er haldið fram að hann sigli undir fölsku flaggi. Sóknaraðili gefi sig þannig út fyrir að vera mannréttindasamtök sem standi vörð um réttindi gyðinga og annarra jaðarsettra hópa, en styðji í raun ofbeldi og ofsóknir gegn þeim. Er sóknaraðili á vefsíðunni sakaður um að stunda njósnir gagnvart almennum borgurum og um að styðja þjóðernishreinsanir, nýlendu- og aðskilnaðarstefnur og ýmis önnur óhæfuverk, jafnvel hryðjuverk. Er raunar svo langt gengið að sóknaraðila er þar gefið að sök að hygla og styðja við bakið á nazistum í starfsemi sinni, sjá t.d. bls. 431, 441 og 456 í málg. Bregðast þurfi við starfsemi sóknaraðila „með áhrifaríkum hætti“ og nýta í því skyni hið gagnvirka kort til að, „*uppræta samtökin og nota hvern eyri úr vösum þeirra til að laga þau tjón sem þau hafa valdið.*“, sjá bls. 456 í málg.
26. Sóknaraðili byggir á því að því fari fjarri að á efni vefsíðunnar feli í sér afstöðu til einhvers málefnis eða málstaðar. Þvert á móti birtist á henni hatursorðræða í sinni skýrustu mynd sem sem sé drifin áfram af af afstöðu til kynþáttar, uppruna og trúarskoðun, þ.e. kynþátta- og gyðingahatri.

27. Efni vefsíðunnar og framsetning þess verði ekki skilin öðruvísi en sem hvatning til þess að fremja hatursglæpi, eignaspjöll eða önnur óhæfuverk, þ. á m. hryðjuverk, gagnvart skilgreindum hópi fólks, þ.e. gyðingum.
28. Til að undirstrika þann tilgang og markmið sem býr að baki vefsíðunni sé með hinu gagnvirka korti, „*The Mapping Project*“, aðgengi auðveldað að þeim sem vefsíðan beinist gegn, sjá Landsréttarskjöl merkt B og C.
29. Með þessari framsetningu séu þeir sem tilheyra samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni gerðir að beinum skotmörkum lesenda vefsíðunnar sem taka boðskap hennar til sín og vilja grípa til þeirra aðgerða sem hvatt er til.
30. Útilokað sé að líta öðruvísi á en svo að tilgangurinn með vefsíðunni og hinu gagnvirka korti geti verið annar en sá að valda sóknaraðila, starfsmönnum hans og öðrum þeim sem þar eru tilgreindir skaða og tjóni. Í því skyni sé farin sú leið sem í netheimum kallast á ensku „*doxing*“ og felst í því birta persónugreinanlegar eða rekjanlegar upplýsingar á netinu án samþykkis og af illum ásetningi.
31. Ásetningurinn að baki vefsíðunni <https://mapliberation.org> sé sannarlega illur.
32. Byggir sóknaraðili á því að honum, starfsfólki hans og öðrum þeim sem vefsíðan beinist gegn stafi bein hættu af henni og þeim boðskap sem þar birtist.

33. Vefsíðan „*The Mapping Project*“ hefur valdið verulegum áhyggjum og óhug hjá samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni, líkt og t.d. má sjá af fréttaflytningi um hana, sjá t.d. bls. 301, 309, 315, 317 og 335 í málg. Sóknaraðili lítur á efni síðunnar sem verulega ógn gegn sér og starfsmönnum sínum og öryggi, eins og raunar öllum sem vefsíðunni er beint gegn. Þeim standi m.ö.o. bein hættu af efni hennar og tilgangi. Eins og fram kemur í framburði eins fyrirvarsmanna sóknaraðila, Dr. Sharon Nazarian, fyrir héraðsdómi á bls. 29 og áfram í málg. og fjölmörgum öðrum gögnum málsins, s.s. Landsréttarskjölum merktum G og H.
34. Fyrir liggur að í kjölfar þess að vefsíðan var sett í loftið sendi sóknaraðili út viðvaranir til þeirra sem tilheyra samfélagi gyðinga í Boston. Var það gert strax hinn 7. júní 2022. Í kjölfarið, hinn 10. júní 2022, gerði sóknaraðili bandaríska fyrirtækinu GoDaddy Inc., sem sérhæfir sig í skráningu á lénum, bréflaga viðvart um að efni vefsíðunnar væri í andstöðu við skilmála þess og krafðist þess að vefsíðan yrði tekin niður, sjá Landsréttarskjal merkt G. Við þeirri kröfu var orðið, en í kjölfarið var vefsíðan hýst hjá nýjum vefhýsingaraðila í Búlgaríu, Siteground.com. Sóknaraðili sendi því vefhýsingarfyrirtæki einnig bréf, hinn 17.

júní 2022 og krafðist þess að vefsíðan yrði tekin niður, sem var gert, sjá Landsréttarskjal merkt H. Í kjölfarið tók varnaraðili að sér hýsingu vefsíðunnar og hefur svo verið líklega frá 18. júní 2022.

35. Óskir sóknaraðila í kjölfarið um liðsinni íslenskra stjórnvalda og lögregluþyrvalda hafa hins vegar engum árangri skilað. Í tölvupósti Runólfs Þórhallssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá greiningardeild embættis Ríkislögreglustjóra, dags. 12. júlí 2022, var sóknaraðila tjáð að lögreglan þyrfti dómsúrskurð, eins og þann sem gerð er krafa um í máli þessu, til þess að geta gripið til aðgerða gegn hýsingaraðilum sem hýsa vafasamt efni á vefsíðum. Í þeim tölvupósti Ríkislögreglustjóra kemur reyndar fram að íslensk vefhýsingarfyrirtæki hafi ekki reynst samstarfsfús og að lögreglan hafi kallað eftir lagabreytingum af þeim ástæðum, sjá bls. 329 í málg. og Landsréttarskjal merkt F.
36. Á því virðist ekki vera vanþörf, því svo virðist sem Ísland sé að verða einhverskonar kjörlendi þeirra sem þurfa að hýsa vefsíður með vafasömu efni. Upplýst hefur verið að íslensk vefhýsingarfyrirtæki hafa m.a. tekið að sér að hýsa vefsíðu hryðjuverkasamtakanna ISIS, auk þess sem nýnasistar og fjársvikarar af ýmsu tagi virðast hafa fundið hæli hjá íslenskum vefhýsingaraðilum, sjá bls. 420 í málg.
37. Byggir sóknaraðili á því að sú vefsíða sem hér um ræðir sé engu betri, enda birtist á henni hótanir sem byggja á hatursorðræðu eða hvatningar til að beita skilgreinda hópa ofbeldi sem drifnar eru áfram af kynþátta- og gyðingahatri, hvort sem litið verður svo á að þær hótanir séu beinar eða óbeinar.
38. Framkvæmdavaldið hefur viðurkennt þetta vandamál. Hefur forsætisráðherra lagt fram sérstaka aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, í formi þingsályktunar, m.a. í því skyni að auðvelda stjórnvöldum að bregðast við hýsingu á vefsíðum eins og þeirri sem hér um ræðir, sjá t.d. aðgerð 8 í áætluninni á nýju skjali í Landsrétti merkt E.
39. Sóknaraðili telur að dómstólar hafi þegar úrræði að lögum til að bregðast við aðstæðum eins og þessum, þ.e. lögbannsúræðið. Til þess úrræðis geti dómstólar gripið í þessu tilviki, enda skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 fyrir beitingu þess fullnægt.
40. Krafðist sóknaraðili þess því að lagt yrði lögbann við hýsingu varnaraðila á vefsíðunni og því efni sem þar birtist, veitingu aðgangs að því og dreifingu þess á vefnum.

Samhengi við íslenskan veruleika

41. Í ljósi þess að vefsíðunni er beint gegn samfélagi gyðinga í Bandaríkjunum telur sóknaraðili að við úrlausn þessa máls væri gagnlegt fyrir dóminn að heimfæra atvik og

aðstæður þessa máls upp á íslenskan veruleika, þannig að í stað vefsíðunnar <https://mapliberation.org> væri rétturinn að fást við lögbannskröfu vegna hýsingar á sambærilegri vefsíðu þar sem hliðstæðri orðræðu og efni væri beint gegn skilgreindum hópi fólks eða samfélagi þess hér á landi, en á öðrum grundvelli, t.d. á grundvelli kynhneigðar, en ekki á grundvelli kynþáttar, trúarskoðana eða uppruna.

42. Sóknaraðili leyfir sér að fullyrða að væri sérstakri vefsíðu haldið úti, í skjóli nafnleyndar, sem beindist sérstaklega gegn samfélagi hinsegin fólks í Reykjavík og nágrenni, nöfn hinsegin fólks þar birt, ásamt heimilisföngum þeirra fyrirtækja, stofnana eða samtaka sem þeir einstaklingar ýmist störfuðu hjá, rækju eða tengdust með öðrum hætti, ásamt með upplýsingum um helstu samkomustaði þeirra sem þessu samfélagi tengdust, þar sem með beinum hætti væri þar hvatt til aðgerða gegn réttindasamtökum þeirra, þ.e. Samtökunum 78, á þann hátt að þau yrðu upprætt (e. *dismantled*) eða starfsemi þeirra sundrað eða hún trufluð (e. *disturbed*), og tengsl allra framangreindra væru auk þess kortlögð með gagnvirku korti, þá er fullvíst að slík vefsíða væri talin innihalda hatursorðræðu gagnvart hinsegin fólki sem þeim stæði ógn af, sett fram í þeim tilgangi að hvetja til hatursglæpa gegn því eða annarrar ólögætrar háttsemi, beinlínis vegna kynhneigðar.
43. Leyfir sóknaraðili sér að fullyrða að efni slíkrar vefsíðu yrði ekki talið varið af tjáningarfrelsisákvæðum 73. gr. stjórnarskrár og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og tilgangur með birtingu hennar og dreifingu efnis af henni yrði ekki talinn lögætur.
44. Leyfir sóknaraðili sér jafnframt að fullyrða að við mat á því hvort skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 fyrir því að leggja lögbann við hýsingu slíkrar vefsíðu teldist fullnægt yrði niðurstaða sýslumanns og dómstóla án vafa sú að svo væri.
45. Byggir sóknaraðili á því að sú ætti niðurstaðan jafnframt að vera í þessu máli.

Um tjáningarfrelsið, vernd þess og hatursorðræðu:

Um tjáningarfrelsið almennt og vernd þess:

46. Sóknaraðili byggir á því að efni vefsíðunnar <https://mapliberation.org> og framsetning þess á henni, í samhengi við þann illa ásetning og tilgang sem augljóslega býr að baki vefsíðunni, rúmist engan veginn innan þess tjáningarfrelsis sem verndað er samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.
47. Bendir sóknaraðili á að þótt tjáningarfrelsi njóti almennt verndar þá sé sú vernd ekki ótakmörkuð samkvæmt framangreindum tjáningarfrelsisákvæðum. Hún takmarkist t.a.m. af réttindum annarra sem einnig njóta verndar, s.s. friðhelgi einkalífs, jafnt sóknaraðila og starfsmanna hans eða annarra sem vefsíðan beinist gegn.

48. Heimilt sé að setja tjáningarfrelsinu skorður, svo sem vegna allsherjarreglu, í því skyni að fyrra glundroða og glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum annarra, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.
49. Af fræðikenningum má ráða að heimilt sé að setja tjáningarfrelsinu talsvert meiri skorður þegar lögaðilar eiga í hlut en einstaklingar.¹
50. Sóknaraðili byggir á því að héraðsdómur hefði átt að fallast á kröfur hans í málinu þar sem lagaskilyrðum fyrir því að beita slíkum takmörkunum gagnvart hýsingu vefsíðunnar <https://mapliberation.org> og dreifingu hennar sé augljóslega fullnægt.
51. Á vefsíðunni birtist ógnandi og skýr hatursorðræða sem beinist gegn einstaklingum og lögaðilum sem eiga það sameiginlegt að tilheyra samfélagi gyðinga. Tilgangurinn með henni sé augljóslega sá að jaðarsetja skilgreindan hóp fólks, beinlínis á grundvelli kynþáttar þess, trúarskoðana og uppruna, og hvetja til ofbeldis og annarra ólögðra aðgerða gegn því og þannig valda því skaða eða tjóni, þar sem alið er á og kynnt er undir kynþátta- og gyðingahatri, auk þess sem með hinu gagnvirka korti sé áhugasömum lesendum auðveldað aðgengi að þeim gyðingum, fyrirtækjum, stofnunum og samtökum sem hvatt er til aðgerða gegn og þau þannig gerð að beinum skotmörkum óvildarmanna sinna og þeirra sem taka boðskap vefsíðunnar til sín.
52. Við slíkar aðstæður hefði héraðsdómara borið, s.s. með vísan til allsherjarreglu, til að fyrra glundroða og glæpum gegn þeim sem vefsíðan beinist gegn, heilsu þeirra og réttinda, í skilningi 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, að fallast á kröfur sóknaraðila í máli þessu, en ekki hafna þeim.
53. Verður þetta enn augljósara ef dómurinn setur sig inn í þær aðstæður sem myndast hafa í Bandaríkjunum, þ.e. þangað sem efni vefsíðunnar er beint, þótt hún sé hýst á Íslandi. Staðreyndin er sú að andúð og hatur í garð gyðinga þar í landi hefur ekki einungis aukist, heldur hefur gróft ofbeldi, þ. á m. fjöldamorð, eignaspjöll og önnur ólögð háttsemi í þeirra garð vaxið gríðarlega á síðustu misserum og árum, sjá t.d. bls. 261, 301, 315, 341, 363 og 475 í málsg. Við blasir að við slíkar kringumstæður verður að teljast líklegt, a.m.k. sennilegt, að hatursorðræða eins og sú sem birtist á vefsíðunni auki líkur á glundroða, glæpum og ofbeldi og því til þess fallin að vega að heilsu og réttindum þeirra sem hún

¹ Sjá: Dr. Eiríkur Jónsson: Mannréttindi lögaðila – Vernd lögaðila samkvæmt mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, einkum 71. og 73. gr., Bókauktgáfan Codex 2011, bls. 214.

beinist gegn, og því beinlínis hættuleg. Er enda vel þekkt að einstaklingar sem framkvæma hryðjuverk eða önnur voðaverk öfgavæðist á internetinu, sjá t.d. bls. 477 í málg.

54. Að þessu leyti séu forsendur og niðurstaða hins áfrýjaða úrskurðar röng, enda tjáningafrelsisákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu ekki ætlað vernda þá tjáningu eða orðræðu sem á vefsíðunni birtist.
55. Þeim sé heldur ekki ætlað að vernda réttindi þeirra manna sem hýsa vefsíður sem hafa að geyma slíka tjáningu, dreifa henni eða veita aðgang að henni, líkt og varnaraðili gerir, og alls ekki í þeim tilvikum þar sem aðstandendur slíkra vefsíðna treysta sér ekki til að koma fram undir nafni.

Um hatursorðræðu og túlkun héraðsdóms á henni:

56. Í þessu sambandi gerir sóknaraðili sérstakar athugasemdir við þá niðurstöðu héraðsdóms að sú tjáning sem birtist á vefsíðunni feli ekki í sér hatursorðræðu í skilningi 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða samkvæmt öðrum lagaákvæðum og skilgreiningum sem sóknaraðili vísaði til í héraði, sem falli utan verndarsviðs 73. gr. stjórnarskrár og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sjá bls. 17-18 í málg.
57. Inntaki þeirrar tjáningar, eins og hún horfir við sóknaraðila, þeim tilgangi sem býr henni að baki hefur verið lýst hér að framan og í héraðsgreinargerð, lögbannsbeiðni og í framburði Dr. Sharon Nazarian fyrir héraðsdómi, sjá bls. 29 og áfram í málg.
58. Sóknaraðili er m.ö.o. ekki í neinum vafa um að efni vefsíðunnar beri öll merki hatursorðræðu í lagalegum og hefðbundnum skilningi, þar sem gert sé út á kynþátta- og gyðingahatur (e. *antisemitism*), sem ekki njóti verndar trjáningarfrelsisákvæða.
59. Þar sem ekki séu fyrir hendi formlegar skilgreiningar á hugtakinu „*hatursorðræða*“ að þjóðarrétti eða landsrétti ríkja sem njóti alþjóðlegrar viðurkenningar, byggir sóknaraðili á því að séu fyrirbyggjandi lagaákvæði og þjóðréttarreglur túlkaðar á grundvelli hefðbundinna lögskýringasjónarmiða og -leiða ætti Landsréttur að fallast á það mat sóknaraðila að efni vefsíðunnar <https://mapliberation.org> og framsetning þess feli í sér hatursorðræðu í skilningi laga sem falli utan verndarsviðs 73. gr. stjórnarskrár og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.
60. Við mat á því hvar mörk tjáningarfrelsisins liggja hefur sóknaraðili einkum vísað til efnislegs inntaks ákvæðis 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við meðferð málsins í héraði vísaði sóknaraðili einnig og m.a. til réttarreglna eftirfarandi laga og alþjóðasamninga sem leggja ætti til grundvallar þessu mati svo sem:

- 2. mgr. 20. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn mála réttindi frá 16. desember 1966, sbr. lög nr. 10/1979.
 - 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám kynþáttamisréttis frá 1965, sbr. lög nr. 14/1968,
 - Samþykktar ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1997 og samnings Evrópuráðsins um tölvubrot frá 23. nóvember 2001 og viðbótarbókunar við samninginn frá 28. janúar 2003.
 - Þær meginreglur laga sem 27. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011 byggir á og athugasemdum í greinargerð við ákvæðið með frumvarpi því sem varð að fjölmiðlalögum.
61. Byggir sóknaraðili á því að sé inntak framangreindra réttarreglna lagt til grundvallar blasi við að efni vefsíðunnar <https://mapliberation.org> telst hatursorðræða í lagalegum skilningi sem ekki njóti verndar tjáningarfrelsisákvæða 73. gr. stjórnarskrár og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Beinar og óbeinar hvatningar um beitingu ofbeldis af hvaða tagi sem er geri það ekki heldur.
62. Að auki bendir sóknaraðili á að í fræðiskrifum á alþjóðavettvangi hefur einkennum hatursorðræðu verið lýst með vísan til mælikvarða sem nefndur er „*The Hate Speech Pyramid*“.² Samkvæmt honum er við mat á því hvort tjáning telst fela í sér hatursorðræðu eftirfarandi mælikvarðar lagðir til grundvallar:
- Hvort tjáningin sé *fordómafull*.
 - Hvort hún *lýsi hatri*.
 - Hvort hún *beinist gegn nánar tilgreindum einstaklingum eða hópum vegna tiltekinna sérkenna þeirra eða stöðu*.
 - Hvort tjáningin sé *opinber*.
63. Sóknaraðili telur augljóst að efni vefsíðunnar <https://mapliberation.org> beri öll einkenni hatursorðræðu séu mælikvarðar „*The Hate Speech Pyramid*“ lagðir til grundvallar.
64. Í þessu samhengi gerir sóknaraðili sérstakar athugasemdir við lögskýringu héraðsdóms á inntaki 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
65. Þannig segir í forsendum hins kærða úrskurðar að að skilgreining á hatursorðræðu í 233. gr. a. laga nr. 19/1940, og öðrum þeim ákvörðum og skilgreiningum sem er vísað til hér að

² Sjá nánar: Dr. Davíð Þór Björgvinsson, prófessor: „*Hvað er hatursorðræða*“ (2022), bls. 297-300 í málg. Sjá einnig: Mannréttindaskrifstofa Íslands: „*Hatursorðræða – Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábending til framtíðar*“, Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalanikova, 2013, bls. 155 – 211 í málg., og „*Hvað er hatursræða*“, Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kelnikova, 2019, útskrift af Vísindavefnum, bls. 275-281 í málg.

ofan, eigi flestar eða allar það sammerkt að tjáningin sem um ræðir þurfi „að beinast að einstaklingum eða hópi einstaklinga og þá vegna tiltekinna þátta sem einkenna þá, svo sem þjóðernis, kynþáttar eða annars.“, sjá bls. 16 í málg. M.ö.o. taki ákvæðið ekki til tjáningar sem beinist gegn lögaðilum.

66. Þessi þrönga lögskýring héraðsdóms er ekki tæk að mati sóknaraðila og þar með standist niðurstaða hins kærða úrskurðar ekki.
67. Yrði hún almennt lögð til grundvallar við túlkun á ákvæðum almennra hegningarlaga yrði ákvæðum 247. gr. sömu laga, svo dæmi sé tekið, ekki beitt gagnvart þeim sem dregur sér fjármuni sem lögaðili, s.s. fyrirtæki, samtök eða stofnun, er eigandi að, heldur einungis ef fjárdrátturinn varðar fjármuni í eigu annars einstaklings, sbr. orðalagið „*en annar maður eigandi að*“, sbr. 1. mgr. 247. gr. Fjölmörg önnur dæmi mætti nefna.
68. Lagatúlkun af þessu tagi á sér enga stoð í réttarframkvæmd, sbr. t.d. Hrd. 660/2014. Hún er auk þess í ósamræmi við fræðikenningar sem fjalla um samræmisskýringar við lögskýringu, einkum innri samræmisskýringu.³
69. Þess utan byggir sóknaraðila á að sú réttarvernd sem áður nefndum ákvæðum er ætlað að veita einstaklingum og hópi einstaklinga væri lítils virði ef hún næði ekki jafnframt til samtaka sem berjast fyrir réttindum einstaklinga eða skilgreindum hópi þeirra, líkt og sóknaraðili sannarlega gerir. Byggir sóknaraðili í öllu falli á því að verði ekki á það fallist að framangreind ákvæði veiti lögaðila eins og sóknaraðila réttarvernd gegn hatursorðræðu, líkt og einstaklingum eða hópi fólks, þá skuli beita lögjöfnun þannig að réttarvernd sóknaraðila gegn slíkri tjáningu sé einnig tryggð.
70. Við þetta bætist síðan að sóknaraðili telur að sú ályktun sem héraðsdómur dregur af efni umfjöllunar um sóknaraðila á vefsíðunni sé röng, þ.e. að umfjöllunin snúi að starfsemi sóknaraðila, en ekki þeirri staðreynd að sóknaraðili sé hluti af samfélagi gyðinga.
71. Þessari ályktun héraðsdóms mótmælir sóknaraðili alfarið. Hann bendir á að það geti ekki verið tilviljun að efni vefsíðunnar, sú kortlagning sem þar birtist og það skýra ákall aðstandenda hennar um áhrifaríkar aðgerðir einskorðist við einstaklinga og lögaðila sem tengjast samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni.
72. M.ö.o. byggji efni vefsíðunnar ekki á afstöðu til einhvers málstaðar eða feli í sér málefnalegt framlag til skilgreindrar stjórn mála- eða þjóðfélagsmála, eins og héraðsdómur virðist

³ Sjá t.d. Róbert R. Spanó, Túlkun lagaákvæða, 2. útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2019, bls. 86 og áfram.

vera ýja að, heldur sé efnið drifið áfram af skoðun, þ.e. andúð og/eða hatri, sem byggir á afstöðu og/eða fordómum til kynþáttar, uppruna og trúarskoðunar.

Verndar 73. gr. stjórnarskrár skoðun eða sannfæringu annars en þess sem hefur hana uppi?

73. Fyrir héraðsdómi byggði sóknaraðili á því að varnaraðili gæti ekki byggt varnir sínar á tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar þar sem vernd tjáningarfrelsis samkvæmt ákvæðinu væri bundin þeim sem hefði uppi tiltekna skoðun eða lýsti einhverri sannfæringu. Sömu sjónarmið ættu við varðandi þá vernd sem 10. gr. Mannréttindasáttmáli Evrópu tryggir.
74. Í málsástæðunni felst að lagaskilyrðum telst ekki fullnægt fyrir því að synja kröfu um lögbannt með vísan til verndar tjáningarfrelsis varnaraðila þar sem fyrir liggur, og er óumdeilt, að engri tjáningu sé fyrir að fara af hans hálfu á vefsíðunni, hvorki skoðun né sannfæringu, í skilningi 73. gr. stjórnarskrárinnar. Varnaraðili haldi því sjálfur fram, og byggir varnir sínar m.a. á því, að hann sé hvorki höfundur né ábyrgðarmaður þess efnis sem á henni birtist og vísar í þeim efnun til eigin þjónustuskilmála og ákvæða laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.
75. Þessari málsástæðu sóknaraðila hafnaði héraðsdómur með þeim orðum að hvorki 73. gr. stjórnarskrárinnar né önnur lagarök stæðu því í vegi að varnaraðili tefldi fram hvers kyns málsástæðum, þ. á m. málsástæðum sem varða tjáningarfrelsi viðskiptamanns hans, sem hann þó vill ekki upplýsa hver er og héraðsdómur vissi engin deili á við uppkvaðningu úrskurðarins, sjá bls. 16 í málgögnum.
76. Sóknaraðili telur umfjöllun héraðsdóms um þessa málsástæðu og afgreiðslu hennar í forsendum hins kærða úrskurðar þarfnist endurskoðunar.
77. Hún sé ófullnægjandi í þeim skilningi að þótt vera megi að varnaraðila hafi verið heimilt að tefla málsástæðunni fram, þá skorti með öllu fullnægjandi tókstuðning fyrir því af hvaða ástæðu á hana var fallist í hinum kærða úrskurði.
78. Sætir reyndar sérstakri furðu hversu litla þýðingu héraðsdómur taldi það hafa fyrir sakarefni málsins og úrlausn þess að ekki fengist upp gefið hver eða hverjir stæðu að baki vefsíðunni sem um er deilt í máli þessu, og þar með þeirri tjáningu sem þar birtist, þótt sú staðreynd hafi grundvallarþýðingu við úrlausn málsins.
79. Í þessu sambandi vísar sóknaraðili til orðalags 73. gr. stjórnarskrárinnar. Þótt þar segir að allir séu „frjálisir skoðana sinna og sannfæringar“ geri ákvæðið áskilnað um það í 2. mgr. ákvæðisins að „sá maður“ sem lætur hugsanir sínar í ljós verði sjálfur að ábyrgjast þær fyrir dómi.

80. Af gögnum málsins og yfirlýsingum varnaraðila sjálfs leiði að engri skoðun, sannfæringu eða hugsun sé fyrir að fara af hans hálfu á vefsíðunni sem notið geti verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar.
81. Og þar sem varnaraðili neitar að upplýsa um hver eða hverjir standa að baki vefsíðunni sé engum til að dreifa sem borið geti sjálfur ábyrgð á efni hennar fyrir dómi í skilningi 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.
82. Hýsing eða fóstur slíkrar skoðunar eða sannfæringar, sem dreift er opinberlega undir nafnleynd, nýtur ekki verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar að mati sóknaraðila, a.m.k. ekki með þeim hætti sem héraðsdómur virðist ganga út frá.
83. Byggir sóknaraðili á því að ef svo væri þá þyrfti slík vernd a.m.k. að eiga sér einhverja lagastoð, líkt og þá sem gildir um vernd heimildamanna blaðamanna, sbr. 25. gr. laga um fjölmiðla nr. 30/2011, svo dæmi sé tekið. Slíka lagastoð skortir með öllu í tilviki vefhýsingaraðila eins og varnaraðila.
84. Dómsniðurstaða byggð á slíkri lagatúlkun er auk þess ekki tæk þegar af þeirri aðstæðu að fengi hún að standa myndi hún auðvelda til muna misnotkun á tjáningarfrelsinu, og þar með sniðgöngu gagnvart réttindum þeirra sem tjáningin beinist að hverju sinni.
85. Slíka sniðgöngu væri auðvelt að stunda með því einu að birta efni sem kann að brjóta gegn lögvörðum réttindum annarra á vefsíðu og hýsa hana hjá íslensku vefhýsingarfyrirtæki undir nafnleynd, eins og í þessu tilviki, og með því afskræma tjáningarfrelsið.
86. Fengi slík niðurstaða að standa er hætt við að lögvarin réttindi þeirra sem tjáningin beindist gegn reyndust einskis virði við slíkar aðstæður.
87. Við þetta bætist síðan að íslenskir fræðimenn hafa haldið því fram að lögaðilar njóti ekki verndar 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, mögulega að undanskildum trúfélögum, sem varnaraðili er ekki.⁴
88. Þá virðist vera á reiki samkvæmt fræðikenningum hvort sú vernd sem 1. málslið 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar mælir fyrir um taki til lögaðila, og ef svo er, hversu langt sú

⁴ Sjá: Dr. Eiríkur Jónsson: Mannréttindi lögaðila – Vernd lögaðila samkvæmt mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, einkum 71. og 73. gr., Bókaútgáfan Codex 2011, bls. 200. Þar segir m.a.: „Með vísan til alls framangreinds og hinnar viðurkenndu réttarheimildafræði hér á landi verður sú ályktun dregin að lögaðilar njóti ekki verndar 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, að undanskildum trúfélögum, sem geti byggt á ákvæðinu svo fremi sem það inngríp sem um ræðir lýtur að þeim trúarlegu skoðunum og sannfæringu sem félagið er stofnað um.“

vernd nær. Í öllu falli megi fullyrða að vernd réttinda lögaðila í þessum efnum verði ekki jafnað til verndar einstaklinga, teljist hún á annað borð til staðar.⁵

89. Ef marka má fræðikenningar um túlkun 73. gr. stjórnarskrárinnar blasir við að niðurstaða hins áfrýjaða úrskurðar um að hafna kröfu sóknaraðila með vísan til tjáningarfrelsis varnaraðila er röng, í besta falli afar langsótt og skortir skýran lagagrundvöll.
90. Verður þetta enn augljósara þegar fyrir liggur að varnaraðili hefur ítrekað hafnað því að upplýsa sóknaraðila og dómstóla um hver viðskiptavinur hans er.
91. Við slíkar aðstæður er dómnum hvorki mögulegt né heimilt að taka afstöðu til þess hvort viðskiptavinur varnaraðila njóti stjórnarskrárvarinnar verndar í þessum skilningi, hvað þá að hafna kröfum sóknaraðila byggðum á tjáningarfrelsi einhvers sem hvorki er vitað hver er né hvort tjáningarfrelsi hans njóti verndar.
92. Af öllu þessu leiðir að niðurstaða hins kærða úrskurðar er röng og skortir nauðsynlegan lagagrundvöll.

Um friðhelgi einkalífs sóknaraðila:

93. Sóknaraðili mótmælir alfarið umfjöllun í forsendum hins kærða úrskurðar að málsástæða hans sem byggir á friðhelgi einkalífs, í skilningi 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, hafi ekki verið nægilega vel reifuð, einkum það sjónarmið sóknaraðila að friðhelgi einkalífs hans skuli vega þyngra en það tjáningarfrelsi sem tekist er á um í málinu.
94. Um þá málsástæðu var t.d. fjallað efnislega um í efnisgreinum 46-53 og 82 í héraðsgreinargerð, auk þess sem hún helst, eðli málsins samkvæmt, í hendur við umfjöllun um mörk tjáningarfrelsis og annarra réttinda, s.s. friðhelgi einkalífs.
95. Í því sambandi gerir sóknaraðili t.a.m. athugasemdir við að héraðsdómur haldi því fram í að sóknaraðili hafi ekki leitast við að rökstyðja að samtök á borð við hann geti notið friðhelgi einkalífs af því tagi sem um ræðir og verndað er af 71. gr. stjórnarskrár og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sjá bls. 18 í málg.
96. Í því sambandi bendir sóknaraðili á að samkvæmt gildandi rétti njóta lögaðilar slíkrar friðhelgi ef marka má túlkun Hæstaréttar Íslands á þeirri vernd sem 1. og 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 9. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, tryggir þeim, sbr. t.d. Hrd. 177/2002 og 178/2002. Í forsendum þeirra Hæstaréttardóma segir m.a.:

⁵ Sjá: Dr. Eiríkur Jónsson: Mannréttindi lögaðila – Vernd lögaðila samkvæmt mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, einkum 71. og 73. gr., Bókaútgáfan Codex 2011, bls. 183-186, 214-216 og 288-289.

„Þótt varnaraðili sé hlutafélag nýtur hann jafnt sem einstaklingur þeirrar friðhelgi, sem um ræðir í 1. mgr. og 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 9. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, ...“

97. Því liggur bæði fyrir að sóknaraðili nýtur slíkrar friðhelgi og að sú friðhelgi er vernduð af ákvæðum 71. gr. stjórnarskrár.
98. Að auki byggir sóknaraðili á því að haldlaus sé sú athugasemd héraðsdóms að sóknaraðili hafi ekki rökstutt nægjanlega á hvaða grundvelli hann, sem samtök, geti borið fyrir sig að vegið sé að einkalífi annarra en hans sjálfs.
99. Sóknaraðili hefur lögvarða hagsmuni af kröfugerð sinni í skilningi 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. og samkvæmt meginreglum einkamálaréttarfars, enda er ekki einungis ítarlega um hann fjallað á vefsíðunni, heldur er þar með beinum hætti hvatt til þess að starfsemi sóknaraðila verði upprætt, hún trufluð og/eða henni sundrað, auk þess sem tengsl sóknaraðila við aðrar stofnanir, fyrirtæki, samtök og einstaklinga eru kortlögð með gagnvirku korti. Að auki eru lesendur hvattir til að grípa til árangursríkra aðgerða gegn sóknaraðila og til að nýta sér hið gagnvirka kort í því skyni.
100. Tilgangurinn með umfjöllun á vefsíðunni, að því marki sem hún varðar sóknaraðila, verður ekki misskilinn. Hann er illur og beinlínis ætlað að valda sóknaraðila, starfsmönnum hans og öðrum þeim sem honum tengjast, skaða og tjóni.
101. Með þessu sé ekki einungis vegið að friðhelgi einkalífs sóknaraðila, starfsemi hans og starfsstöðvum, heldur einnig allra þeirra sem starfa á vegum sóknaraðila. Almennar reglur um réttindi og skyldur vinnuveitenda leiði til þess að sóknaraðili geti borið fyrir sig að efni vefsíðunnar vegi að einkalífi og friðhelgi hans sjálfs og alls þess fólks sem undir hann heyrir, og eftir atvikum að öðrum réttindum sem njóti verndar stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Til þess hafi hann fullt umboð samkvæmt almennum reglum.
102. Þá verði að líta til þess að sóknaraðili eru mannréttindasamtök sem berjast m.a. gegn hvers kyns ofsóknum ekki síst í garð þeirra gyðinga sem aðstandendur vefsíðunnar beina spjótum sínum að. Þótt sóknaraðili tali máli gyðinga sé langt seilst að ætlast til þess að hann afli sér umboðs allra þeirra sem tilheyra samfélagi gyðinga í þeim tilvikum þegar sóknaraðili sér ástæðu til að berjast fyrir réttindum þeirra. Slík krafa myndi í öllu falli vængstífa starfsemi sóknaraðila og réttindabaráttu hans í þágu skjólstæðinga sinna og skapa slæmt fordæmi gagnvart öðrum samtökum sem berjast fyrir mannréttindum fólks.

103. Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar byggir sóknaraðili á því að í þessu sambandi hafi enga þýðingu þótt sóknaraðili eigi sér langa sögu og að fjárhagsstaða hans sé sterk. Hann eigi eftir sem áður að njóta sömu réttinda og aðrir þrátt fyrir það.
104. Sögulega hafa ofsóknir og andúð gegn gyðingum gjarnan verið réttlættar á sömu forsendum, þ.e. með vísan til fjárhagslegs styrks og valdastöðu þeirra.
105. Slík sjónarmið eru haldlaus að mati sóknaraðila og eiga ekki að hafa þýðingu við úrlausn mála fyrir dómstólum. Staðreyndin sé sú að samfélag gyðinga á heimsvísu telur ekki nema um 15,2 milljónir einstaklinga. Vart þarf að rökstyðja sérstaklega fyrir dóminum að um er að ræða jaðarsettan minnihlutahóp sem alla tíð hefur þurft að verjast ofsóknum og ofbeldi og oft á tíðum þurft að berjast fyrir tilverurétti sínum.
106. Að lokum skal það nefnt að þótt sóknaraðili geti fallist á að hann þurfi, eins og aðrir, að sæta gagnrýni, þá feli efni vefsíðunnar og framsetning hennar ekki í sér gagnrýni í hefðbundnum skilningi, heldur hatursorðræðu sem hvorki hann né aðrir þeir sem nefndir eru á síðunni þurfa að þola.
107. Við blasi að efni vefsíðunnar telst ekki varða „mikilsverð málefni sem eiga erindi við almennig“ þannig að tjáningarfrelsi verði síður skert en ella, eins og héraðsdómur komst að niðurstöðu um, sjá bls. 18 í málg.
108. Telur sóknaraðili raunar vandséð til hvaða mikilsverðu málefna er þar verið að vísa, enda órökstutt í forsendum hins kærða úrskurðar.

Eru hefðbundnar leiðir færar, s.s. á grundvelli réttarreglna um skaðabætur eða refsingar?

109. Sóknaraðili mótmælir þeirri staðhæfingu sem fram kemur í hinum kærða úrskurði að hann hafi lítt leitast við að sýna hvaða réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir spjöllum verði hann knúinn til að leita dóms um þau eftir hefðbundnum leiðum, sjá bls. 18.
110. Sóknaraðili hefur frá upphafi byggt á því að efni vefsíðunnar og framsetning þess feli í sér hatursorðræðu í hans garð sem hafi það að markmiði að valda honum tjóni eða skaða, enda er þar beinlínis hvatt til þess að gripið verði til beinna aðgerða gegn honum og öðrum þeim sem þar eru nefndir.
111. Langsótt sé að túlka þær með öðrum hætti en þeim að um sér að ræða hvatningu til að fremja hatursglæpi sem byggji á andúð eða hatri á grundvelli kynþáttar, uppruna og trúarskoðunar. Sóknaraðila sé þannig ógnað og brotið gegn lögvorðum réttindum hans eins og rakið er að framan.

112. Eins og rakið er í héraðsgreinargerð og var útskýrt við munnlega meðferð málsins í héraði, telur sóknaraðili að verði ekki á kröfur hans fallist, verði hann, og aðrir þeir sem vefsíðan beinist að, áfram bein skotmörk þeirra sem taka þær hvatningar sem birtast á henni til sín og vilja grípa til aðgerða „með áhrifaríkum hætti“ gegn þeim sem þar eru tilgreindir.
113. Sóknaraðila, líkt og öðrum þeim sem tilheyri samfélagi gyðinga, stafi því bein hætta af vefsíðunni. Þærri hættu megi afstýra með því að fallast á kröfu sóknaraðila og þannig forða því að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir spjöllum í framangreindum skilningi.
114. Til samanburðar eru hagsmunir varnaraðila af því að fá að hýsa vefsíðuna áfram hverfandi í samanburði við hagsmuni sóknaraðila af kröfu sinni.
115. Fjárhagslegir hagsmunir varnaraðila eru a.m.k. ekki miklir. Á heimasíðu varnaraðila segist hann vera sá vinsælasti á sínu sviði og hýsi þúsundir vefsíðna gegn afar vægu gjaldi, sjá bls. 529-531 í málg. Hagsmunir varnaraðila af því að höfð sé uppi tjáning, sem ekki er hans eigin, eru engir.
116. Við þetta bætist síðan að að önnur hefðbundin úrræði, s.s. beiting réttarreglna um refsingu og skaðabætur, munu augljóslega ekki tryggja hagsmuni sóknaraðila með sama hætti og umkrafið lögbann gerir.
117. Þar hefur mikla þýðingu að sóknaraðili veit ekki hverjir aðstandendur vefsíðunnar eru og varnaraðili hefur harðneitað að upplýsa sóknaraðila og dómstóla um hver eða hverjir standa að baki henni.
118. Af því leiðir að varnaraðili hefur gert sóknaraðila ómögulegt að átta sig á því að hverjum mögulegar skaðabótakröfur, eða eftir atvikum aðrar kröfur, ættu að beinast.
119. Af þessum ástæðum liggur ekkert fyrir um það hvort aðstandendur vefsíðunnar og hins gagnvirka korts hafi hafi fjárhagslega getu til greiðslu skaðabóta vegna tjóns sem orðið er að kann að verða vegna hennar.
120. Þá hefur varnaraðili afsalað sér allri ábyrgð á efni vefsíðunnar. Það hefur hann bæði gert með þjónustuskilmálum sínum, sjá bls. 535-539 í málg., og samningi við aðstandendur vefsíðunnar og með vísan til ábyrgðarleysisákvæða laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, s.s. 14. gr. þeirra laga.
121. Fjárhagslegur styrkur varnaraðila og umsvif hans að öðru leyti benda heldur ekki til þess að hann gæti staðið undir greiðslu umfangsmikilla skaðabóta, sjá bls. 287-296.
122. Sömu sjónarmið eiga við varðandi mögulega beitingu réttarreglna um refsingar.

123. Sóknaraðili telur í besta falli vandséð samkvæmt framansögðu gegn hverjum kæra, s.s. vegna brota gegn 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, ætti að beinast. Ákvæði laga nr. 30/2002 benda auk þess til þess að kæra gegn varnaraðila myndi að óbreyttu ekki leiða til þess að sóknaraðili myndi með henni ná fram einhverjum réttindum sér til handa.
124. Þá benda gögn málsins til þess réttindi hans verði ekki tryggð þó slík kæra yrði lögð fram, og þá eftir atvikum gegn ótilgreindum einstaklingum eða lögaðilum, þar sem íslensk lögregluþyrirvöld hafa þegar upplýst sóknaraðila um að hún þurfi dómsúrskurð til þess að geta gripið til aðgerða gegn hýsingaraðilum sem hýsa vafasamt efni á vefsíðum, sjá bls. 329 í málg.
125. Af framangreindu leiðir að sóknaraðila er ómögulegt að leita dóms um réttindi sín eftir þeim hefðbundnu leiðum sem héraðsdómur vísar til í forsendum sínum.
126. Á allt framangreint var bent við meðferð málsins í héraði.

--- --- ---

127. Með vísan til alls þess sem að framan greinir byggir sóknaraðili á því að niðurstaða hins kærða úrskurðar sé röng.
128. Að sama skapi hafi hann sannað, a.m.k. gert nægilega sennilegt, að skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, teljist fullnægt þannig að fallast beri á kröfur hans í málinu. Önnur skilyrði laga nr. 31/1990 séu jafnframt uppfyllt fyrir því að kröfur sóknaraðila nái fram að ganga.

Um kröfugerð og umfang hennar:

129. Sóknaraðili ítrekar mótmæli sín gegn þeim staðhæfingum varnaraðila að krafa hans sé of viðurhlutamikil eða gangi of langt.
130. Sóknaraðili byggir á því að skemur verði ekki gengið, enda leiði það af eðli vefsíðunnar, efni hennar, framsetningu þess og þeim tilgangi sem býr að baki að lögbann verði ekki lagt við hýsingu á hluta hennar.
131. Bendir sóknaraðili á að órjúfanleg tengsl hins gagnvirka korts, „*The Mapping Project*“, sem þar birtist við það efni og aðrar upplýsingar sem á vefsíðunni eru, leiði til þess að taka verði afstöðu til þess hvort heimila eigi slíka kortlagningu á netinu, og í framangreindum tilgangi, eða leggja lögbann við henni.

132. Af þeirri ástæðu telur sóknaraðili nauðsynlegt að lögbannskrafan taki ekki eingöngu til hýsingar á vefsíðunni sem slíkri, heldur taki hún einnig til þeirra gagna, efnis og upplýsinga sem á vefsíðunni eru birtar.
133. Jafnframt sér sóknaraðili sig knúinn til þess að krefjast lögbanns við því að varnaraðili veiti aðgang að vefsíðunni og dreifi þeim gögnum, efni og upplýsingum sem á henni má finna.
134. Lítur sóknaraðili svo til þess að tryggt verði að hann nái fram þeim réttindum sínum sem að er stefnt með kröfugerðinni þurfi hann að krefjast bæði lögbanns við hýsingu vefsíðunnar og við því að veittur verði aðgangur að henni, enda hefðu lesendur vefsíðunnar vart aðgang að henni væri hún ekki hýst hjá hýsingaraðila.
135. Það sé síðan á valdi dómsins að taka afstöðu til þess hvort hann telji skilyrðum fullnægt fyrir því að fallast á kröfugerð sóknaraðila í heild eða að hluta.

Önnur atriði:

136. Að öðru leyti vísar sóknaraðili til þeirra málsástæðna og lagaraka sem fram koma í lögbannsbeiðni hans, héraðsgreinargerð og kæru til Landsréttar og þeirra málsástæðna sem byggt var á að öðru leyti við meðferð málsins fyrir héraðsdómi.

Málskostnaðarkrafa og áskilnaður

137. Krafa sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar vegna reksturs málsins í héraði og kærnumálskostnaðar vegna rekstur þess fyrir Landsrétti styðst við ákvæði 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og 2. mgr. 150. gr. laganna.
138. Kærandi áskilur sér rétt til að bera fram kröfur eða frekari málsástæður umfram það sem gert var á fyrri dómstigum með vísan til 2. mgr. 163. gr., sbr. 4. mgr. 150. gr. laga nr. 91/1991.

Tilvísun til helstu lagaákvæða:

139. Fyrir Landsrétti byggir sóknaraðili kröfur sínar ákvæðum laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl., einkum 24. gr. laganna, einnig meginreglum einkamálaréttarfars og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, svo sem um lögvarða hagsmuni. Þá vísar sóknaraðili til ákvæða 71. og 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, og ákvæða 8. og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá vísar sóknaraðili um hatursorðræðu til 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en einnig til ákvæða alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi frá 16. desember 1966, sbr. lög nr. 10/1979, samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis frá 21. desember 2016, sbr. lög nr. 14/1968, samþykktar

ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1997 og samnings Evrópuráðsins um tölvubrot frá 23. nóvember 2001 og viðbótarbókunar við samninginn frá 28. janúar 2003. Að auki vísar sóknaraðili til ákvæða laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, og meginreglna fjölmiðlalaga nr. 38/2011. Um málskostnað og kærúmálskostnað vísar sóknaraðili til ákvæða laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr. og 2. mgr. 150. gr., en einnig til laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl, nr. 31/1990 og ákvæði aðfararlaga nr. 90/1989, eftir því sem við á. Um kærueheimild vísast til ákvæða 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990, sbr. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989.

Ný skjöl fyrir Landsrétti:

140. Við meðferð þessa kærúmáls fyrir Landsrétti leggur sóknaraðili fram ný skjöl:
- A. Greinargerð þessa.
 - B. Vefsíðuna <https://mapliberation.org/> (sem lögð er fram á sérstökum minnislyklum).
 - C. Útskrift af forsíðu vefsíðunnar <https://mapliberation.org/> og mynd af því gagnvirka korti sem á henni má finna og á slóðinni <https://mapliberation.org/map.js/> á sömu vefsíðu.
 - D. Tillaga til þingáslyktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árinu 2023-2026, 153. löggjafarþing, Þskj. 2012-795. mál. Stjórnartillaga, flutningsmaður, forsætisráðherra.
 - E. Yfirlit lögmanns sóknaraðila yfir helstu málsatvik í tímaröð.
 - F. Þýðing löggilts skjalapýðanda á hluta dskj. nr. 20 í héraði, sjá bls. 329 í málgögnum.
 - G. Bréf Johnathan Greenblatt, framkvæmdastjóra sóknaraðila, til Aman Bhutani, forstjóra GoDaddy Inc, dags. 10. júní 2022.
 - H. Tölvupóstur regluvörsluteymis vefsíðunnar siteground.com til Steve Sheinberg, yfirlögfræðings sóknaraðila, dags. 20. júní 2022.
141. Sóknaraðili áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn undir rekstri málsins, m.a. þýðingum löggilts skjalapýðanda á völdum dómskjölum sem liggja þegar fyrir í málinu.

Ósk um munnlegan flutning málsins:

142. Sóknaraðili óskar eftir því að kærumál þetta verði flutt munnlega í Landsrétti, sbr. 3. mgr. 149. gr. laga nr. 91/1991.
143. Verði munnlegur flutningur málsins heimilaður hyggst lögmaður sóknaraðila varpa hinu gagnvirka korti vefsíðunnar <https://mapliberation.org> upp á skjá í dómsal, sé þess kostur, til að úrskýra fyrir dóminum virkni hennar.

144. Verði munnlegur flutningur málsins heimilar áætlaður söknaraðila tímalengd málflutnings síns fyrir Landsrétti 60 mínútur í fyrri umferð.

Reykjavík, 6. desember 2023

F.h. söknaraðila,
Anti-Defamation League,



Sigurður Kári Kristjánsson, lögmaður.

Til Landsréttar.